

breytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Raf-
veitu Ísafjarðar.

Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

16. júlí 1976.

Nr. 266.

REGLUGERÐ

um síldveiðar.

1. gr.

Bannað er að veiða smásíld, 27 cm að lengd eða minni sé hún verulegur hluti sildarafla fiskiskips.

Lágmarksstærð síldar er mæld frá trjónuodda að sporðsenda.

2. gr.

Fái fiskiskip síldarkast, sem bersýnilega er að mestu leyti smásíld, 27 cm að lengd eða minni, þá er skipstjóra skylt að sleppa síldinni þegar í stað úr nótinni.

3. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smásíldar í aflanum, þá ber honum áður en verulega hefur verið þrengt að síldinni í nótinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 síldir valdar af handahófi. Reynist meira en 50 síldir, 27 cm að lengd eða minni, ber honum að sleppa síldinni þegar í stað.

4. gr.

Nú kemur síldveiðiskip eða síldarmóttökuskip með síldarfarm til hafnar blandaðan smásíld og er þá síldarmóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smásíldarinnar í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 síldum í hverju. Sé hlutur smásíldar, samanber 1. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal síldarmóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem síðan gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir, og gerir sjávarútvegsráðuneytinu viðvart, sé hlutur smásíldarinnar yfir 55%.

5. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið veitir, að fengnu áleti Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, leyfi til veiði smásíldar, 27 cm að lengd eða minni, til niðursuðu eða annarrar vinnslu til manneldis eða til beitu. Leyfi þetta má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

6. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða og eftirlitsmenn ráðuneytisins skulu hafa eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem dregin er réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni suður um og vestur fyrir að línu, sem dregin er réttvísandi norðvestur frá Ríti eru allar síldveiðar bannaðar til 15. júlí 1977.

Þó eru síldveiðar með reknetum heimilar á þessu svæði til 25. nóvember 1976, enda sé möskvastærð netanna minnst 63 mm, þegar möskvinn er mældur í votu neti teygður horna á milli eftir lengd netsins. Komist þá flöt mælistika 63 mm breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegnum möskvann.

Jafnframt getur sjávarútvegsráðuneytið á tímabilinu 25. september til 25. nóvember 1976 heimilað veiðar á allt að 10 500 lestum síldar í herpinót á þessu svæði. Getur ráðuneytið bundið leyfi þessi skilyrðum er þurfa þykir og ennfremur skipt þessu veiðimagni niður á einstök skip.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála. Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávaraflla.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 490 21. nóvember 1975 um bann við veiði síldar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júlí 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.